

STJÓRNARTÍÐINDI B 63 – 1999

21. júní 1999

1473

Nr. 449

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 237/1996 um eftirlit með samræmi
reglna um öryggi framleiðsluvara sem fluttar eru inn
frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 27. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 21. júní 1999.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

18. júní 1999

Nr. 450

REGLUGERÐ

um einelti loftfara í almenningsflugi.

1. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari eru eftirgreind hugtök notuð í þeirri merkingu sem hér er skilgreint.
Almenningsflug: Flug í samræmi við reglur, sem settar eru af flugmálayfirvöldum, og starfrækt er undir eftirliti eða stjórn Flugmálastjórnar Íslands sem fer með flugumferðarþjónustu fyrir allt flug annað en herflug. Almenningsflug tekur hvort tveggja til atvinnuflugs og einkaflugs (Civil aviation).

Einelti loftfars: Það að fljúga í veg fyrir loftfar eða elta það uppi til þess að gefa stjórnendum þess fyrirmæli um að breyta ferli (Interception). Einelti í skilningi þessarar reglugerðar tekur ekki til þeirrar þjónustu sem veitt er loftfari í neyð.

2. gr.

Efnisreglur.

Fylgja skal þeim efnisreglum sem gefur að finna í gr. 3.8. í fylgiskjali með auglýsingu nr. 55/1992 um setningu flugreglna, með síðari breytingum og þeim viðaukum sem þar er vísað til.

3. gr.

Refsiákvæði.

Brot flugstjóra, sem sætir einelti, á fyrirmælum sem hann fær við þær aðstæður skulu varða fangelsi allt að fimm árum.